



Aðgerðaáætlun með Menningarstefnu Ísafjarðarbæjar

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022-2032 var samþykkt á 493. fundi bæjarstjórnar þann 7. apríl 2022. Með tillögu menningarmálanefndar um samþykkt stefnunnar var einlæg ósk þess að aðgerðaáætlun yrði samþykkt og myndi fylgja stefnunni.

Vinnu við aðgerðaáætlun hófst haustið 2022, en menningarfulltrúi Vestfjarðastofu Skúli Gautason, stýri þeirri vinnu, eins og vinnu við stefnuna.

Í aðgerðaáætluninni er lagt til að gert verði ráð fyrir fjármunum vegna aðgerða á fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2023-2028, en nánari fjárhæð og skilgreining verkefna kemur fram í aðgerðaáætluninni sjálfri.

Með minnisblaði þessu liggja frammi til samþykktar drög að aðgerðaáætlun til fyllingar menningarstefnu Ísafjarðarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn vorið 2022, en drög þessi voru yfirfarin og rædd á vinnufundi bæjarfulltrúa og stjórnenda 16. nóvember 2022, meðfram vinnu við fjárhagsáætlun 2023.

Lagt er til að eftirfarandi aðgerðir verði samþykktar og gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023:

- Rafræn íbúahandbók – vefsíða um menningu, íþróttastarf, tómstundir, viðburði o.fl.
- Nýbúabréf til íbúa – kynningarefni frá sveitarfélaginu
- Þýðingarhappur fyrir erlend tungumál fyrir vefsíðu Safnahúss
- Styrkur á móti fasteignagjöldum vegna menningarstarfsemi Edinborgarhúss
- Fjármagn til menningarstofnana fyrir viðburði og sýningahalds
- Menningardagskrá og rými til sköpunar í félagsmiðstöðvum
- „Virðisaukinn“, hvatningarverðlaun og verðlaunaafhending
- Flokkunarruslatunnur við menningarviðburði (einnota pappatunnur)
- Söguskilti á Eyrinni (m. styrk frá EBÍ)

- Leitað verði leiða til að styrkja önnur menningarhús við uppsetningu hjólastólaaðgengis (vinnuframlag)
- Taka saman upplýsingar um húsnæði til listsköpunar- og sýninga á heimasíðu Ísafjarðarbæjar (vinnuframlag)
- Samræmt # í allri kynningu á verkefnum (vinnuframlag)
- Hugað verði að þýðingum á auglýsingaefni, t.d. með QR kóðum (vinnuframlag)
- Eflt verði samstarf menningarstofnana og öldrunarfulltrúa Ísafjarðarbæjar (vinnuframlag)
- Unnið verði að þríhliða samningi Edinborgarhúss, Ísafjarðarbæjar og ríkisins (vinnuframlag)

- Ísafjarðarbær hvetji þá sem fá styrki til lista- og menningarstarfsemi til að draga úr vistfræðilegu fótspori sínu (vinnuframlag)
- Menningarstofnanir Ísafjarðarbæjar innleiði græn skref í rekstri sínum skv. stefnu sveitarfélagsins (vinnuframlag)
- Áframhaldandi endurbætur á Safnahúsi (kjallari og loftræsting) (framkv.áætlun)
- Bætt rafmagn í Jónsgarð fyrir viðburðahald og jólaseríur (framkvæmdaáætlun)
- Bætt rafmagn á Silfurtorgi fyrir viðburðahald, matarvagna o.fl. (framkvæmdaáætlun)

Alls er lagt til að aukinn kostnaður vegna nýrra og stærri menningarverkefna á árinu 2023 verði 5,4 m.kr. í rekstraráætlun, frá áætlun sem lögð var fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn, auk vinnuframlags

Alls er lagt til að framkvæmdir vegna menningartengdra verkefna á árinu 2023 verði að fjárhæð kr. 35,3 m.kr. (hækkun að fjárhæð 1,3 m.kr. frá áætlun sem lögð var fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn, þar sem breytingar á safnahúsi var þegar inn í áætlun 2023).